



Frummatsskýrslur og matsskýrslur - Framsetning og form –

Auður Andrésdóttir

Mat á umhverfisáhrifum - Í ljósi reynslunnar - Málþing Skipulagsstofnunar 24. apríl 2012

Yfirlit

Staðan í dag

Þátttakendur í matsferli

Reynsla

Hvað er til ráða?

Form - staðan í dag

Uppbygging skýrslu formföst í samræmi við lög, reglugerð og leiðbeiningar:

- Stutt samantekt í upphafi.
- Inngangur, framkvæmdalýsing, skipulag og landnotkun, grunnástand og matskafli.
- Kafli um vöktun og eftirlit í lok skýrslu eftir atvikum.
- Heildaráhrif – samantekt umhverfisáhrifa.

Yfirleitt ekki sérstök samantekt á því sem lagt er til um mótvægisaðgerðum, eftirliti og vöktun áhrifa.

Framsetning - staðan í dag

Lengd skýrslu fer yfirleitt eftir umfangi verkefnis.

Dæmi eru um matsskýrslur upp undir 300 blaðsíður án viðauka.

Erum við á réttri leið? Þörf á einföldun?

Skýrslur - fyrir hverja?

Hverjir kynna sér frummats- og matsskýrslur:

- Ráðgjafar og framkvæmdaraðilar.
- Umsagnaraðilar og beinir hagsmunaaðilar.
- Almennir og frjáls félagasamtök.
- Fræðimenn og nemar.
- Leyfisveitendur og eftirlitsaðilar.
- Skipulagsráðgjafar.


Hver er reynslan?

Umsagnaraðilar og beinir hagsmunaaðilar

- Umsagnaraðilar kynna sér gögn samkvæmt lögum.
- Orðin vel rútíneruð vinna í smærri verkefnum.
- Í stærri verkefnum þar sem eru mikil gögn og flækjustig töluvert hefur stundum reynst erfitt að komast yfir gögnin á þeim tíma sem gefinn er.
- Reynslan í mati á umhverfisáhrifum stærri verkefna sýnir að þörf er á einföldun.

Sameiginlegt mat NA-land

- 4 framkvæmdir sem hver fyrir sig var matsskyld
- 4 frummatsskýrslur framkvæmda
- 1 frummatsskýrsla um sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna



Hver er reynslan?

Almenningur og hagsmunaaðilar

- Ekki margir sem treysta sér til að leggjast yfir skýrslurnar.
- Tæknileg umfjöllun – sérhæfð og stofnanaleg hugtök?
- Fjöldi athugasemda NA-land:
 - Álver á Bakka - 10.
 - Háspennulínur Krafla-Þeistreykir-Bakki - 7.
 - Þeistareykjavirkjun - engin athugasemd.
 - Kröfluvirkjun II - 3 .
 - Sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum - 2.
- Önnur matsferli - athugasemdir
 - Kárahnjúkavirkjun 362
 - Bitra - 675

Þeistareykir



Hvað er til ráða?

Frummatsskýrsla

- Stutt skýrsla/sjálfstæð samantekt með myndefni sem yrði megin kynningarskýrslan - kæmi í stað samantektar fremst í frummatsskýrslu.
- Ítarleg skýrsla um framkvæmd og matið sem allir hafa aðgang að, þó einkum ætluð umsagnaraðilum - frummatsskýrsla án samantektar.
- Kafli í lokin þar sem teknar eru saman upplýsingar um mótvægisaðgerðir, útfærslu framkvæmdar, eftirlit og vöktun sem framkvæmdaraðili áætla.

Hvað er til ráða?

Matsskýrsla – Getum við aukið notagildið?

- Umsagnir, athugasemdir frá kynningartíma og viðbrögð framkvæmdaraðila við þeim er oftast sett fram vítt og breitt um matsskýrslu. Umsagnir og athugasemdir fylgja með í viðauka.
- Lagt er til að í staðinn verði útbúin heildstæð matsskýrsla þar sem tekið hefur verið tillit til umsagna og athugasemda.
- Í sérstökum kafla matsskýrslunnar verði samantekt um helstu umsagnir og athugasemdir og viðbrögð við þeim frá frummatsskýrslu. Umsagnir og athugasemdir í heild verði áfram viðauki.

Hvað er til ráða?

Matsskýrslan og leyfisveitingar

- Samantekt verð í sér kafla um áhersluatriði sem fram hafa komið í matsferlinu er varða útfærslu framkvæmdar mótvægisáðgerðir, vöktun, rannsóknir, skipulag, leyfismál o.fl. Nánar útfært frá frummatsskýrslu.
- Auk framangreindrar samantektar þarf við leyfisveitingar að taka tillit til atriða sem hugsanlega koma fram í áliti Skipulagsstofnunar.

